

Breyting á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands  
2015 vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar  
(Blönduveitu) í Húnavatnshreppi  
**Tillaga og umhverfisskýrsla**

Nóvember 2014



## AÐDRAGANDI

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkti 6. ágúst 2014 að óska eftir að Skipulagsstofnun geri breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 til samræmis við fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna þriggja virkjana á veituleið Blönduvirkjunar sem til samans kallast Blönduveita. Þann 18. ágúst 2014 samþykkti sveitarstjórn síðan umrædda aðalskipulagsbreytingu að lokinni auglýsingu og afgreiddi hana til Skipulagsstofnunar með ósk um staðfestingu.

Þar til landsskipulagsstefna hefur leyst svæðisskipulag miðhálandisins af hólmi er Skipulagsstofnun heimilt að gera breytingar á svæðisskipulaginu til samræmis við tillögur að breytingu á aðalskipulagi, „þegar breytingin felur ekki í sér nýja stefnumörkun um landnotkun“, sbr. 4. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga. Að mati stofnunarinnar samræmist fyrirhuguð breytingartillaga meginstefnu svæðisskipulagsins en kallar á breytingu á ákvæðum á skipulagsupprætti og í kafla 6.3 og 6.4 í greinargerð.

## FORSENDUR TILLÖGUNNAR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Til að nýta óvirkjað fall á núverandi veituleið Blönduvirkjunar milli Blöndulóns og Gilsárlóns er fyrirhugað að reisa allt að þrjár nýjar virkjanir, þ.e. Þramarvirkjun (12 MW), Friðmundarvirkjun (11MW) og Kolkuvirkjun (8MW), en þær mynda til samans svokallaða Blönduveitu. Áætlað uppsett afl er 31 MW og heildarorkugeta um 194 GWh/a. Þramarvirkjun er neðan marka svæðisskipulags miðhálandisins og er því ekki hluti þeirrar breytingartillögu sem hér er kynnt. Í gildandi svæðisskipulagi er hvorki mörkuð stefna um efnisnámur/efnislosunarsvæði né um flutningskerfi raforku undir 132 kV og eru slíkar framkvæmdir sem tengjast fyrirhuguðum virkjunum því ekki hluti þessarar svæðisskipulagsbreytingar.

Blönduveita er í orkunýtingarflokki samkvæmt áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun), sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2013.

Ferli mats á umhverfisáhrifum virkjana á veituleið Blönduvirkjunar samkvæmt lögum nr. 106/2000 er lokið og álit Skipulagsstofnunar frá 30. október 2014 má nálgast á eftirfarandi slóð <http://www.skipulagsstofnun.is/umhverfismat/framkvaemdamat/alit/nr/749#alit>

Jafnframt liggur fyrir samþykkt tillaga að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna Blönduveitu, sjá <http://hunavatnshreppur.is/forsida/page/skipulagsmal>

## EFNI TILLÖGUNNAR

Gerð er tillaga um að við svæðisskipulag miðhálandisins bætist stefna og ákvæði um fyrirhuguð mannvirki sem tengjast Blönduveitu og ráðgerð eru innan skipulagssvæðis svæðisskipulagsins. Þau eru stöðvarhús Kolkuvirkjunar ásamt að- og frárennslisskurðum og stöðvarhús Friðmundarvirkjunar ásamt stíflu, lóni og veituskurðum milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns auk vega að virkjununum. Framkvæmdirnar eru ráðgerðar á svæði sem skilgreint er sem „önnur svæði“ í gildandi svæðisskipulagi.

## Breytingar á skipulagsupprætti

Viðkomandi hluti skipulagsuppráttar gildandi svæðisskipulags og breytingaruppráttur eru birtir aftast í þessari greinargerð. Þær breytingar sem eru auðkenndar á skipulagsupprætti eru:

- Tvö stöðvarhús (Kolkuvirkjun og Friðmundarvirkjun).
- Miðlunarlón (Þrístikla, Smalatjörn og Austara-Friðmundarvatn og nýtt miðlunarlón milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns).
- Að- og frárennisskurðir milli Blöndulóns og Þrístiklu og Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns.
- Vegir að virkjunum í flokki „einkavega og annarra ökuleiða“.

## Breytingar á skipulagsgreinargerð

Kafli 6.3 Orkuvinnsla:

Núverandi kafli 6.3.1 Núverandi orkuvinnslusvæði:

Núverandi orkuvinnslusvæði ná yfir virkjanir sem þegar hafa komið til framkvæmda og virkjanaframkvæmdir sem tekin hefur verið ákvörðun um. Sama gildir um háspennulínur. Á orkuvinnslusvæðunum eru orkuver, miðlunarlón, ganga- og/eða skurðaleiðir og háspennulínur.

1. Blönduvirkjun, Svínavatnshr. Stækkun á miðlunarlóni Blönduvirkjunar. Aukin orkugeta varð árið 1996 með stækkun lóns í 57 km<sup>2</sup> um 150 Gwst/ári. Orkugeta virkjunar er um 770 Gwst/ári.

Við kafla 6.3.1 bætist eftirfarandi texti:

2. Kolkuvirkjun, Húnavatnshr. við norðvesturenda Blöndulóns, 8 MW, og ganga- og skurðaleiðir að Þrístiklu. Orkugeta virkjunar er 38 Gwst/ári.
3. Friðmundarvirkjun, Húnavatnshr. við suðurenda Austara-Friðmundarvatns, 11 MW, ásamt stíflu og nýju lóni (0,4 km<sup>2</sup>), milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns, og ganga- og skurðaleiðum til og frá lóninu. Orkugeta virkjunar er 81 Gwst/ári.

Kafli 6.4 Samgöngur

Núverandi kafli 6.4.3 Einkavegir og aðrar ökuleiðir:

Einkavegir og aðrar ökuleiðir eru fremur fáfarnar leiðir að fjallaseljum, s.s. ýmsir afréttar-, veiði- og línuvegir. Þeir eru þessir í A.-Húnavatnssýslu:

1. Vegur frá Breið að Bugi.

Við kafla 6.4.3 bætist eftirfarandi texti:

2. Vegir að stöðvarhúsum Kolkuvirkjunar og Friðmundarvirkjunar.

## UMHVERFISSKÝRSLA

Skipulagstillagan er háð umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana og er það sett fram hér að neðan.

Mat á umhverfisáhrifum virkjana á veituleið Blönduvirkjunar (Blönduveitu) er lokið. Álit Skipulagsstofnunar um matið var birt þann 30. október 2014. Niðurstöður matsins og álitsins liggja til grundvallar umhverfismati svæðisskipulagsbreytingarinnar.

### Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu

Svæðið sem skipulagsbreytingin nær til er að mestu skilgreint sem „önnur svæði“ í svæðisskipulaginu. Um þau segir: „landsvæði sem eru fremur fábreytt að náttúrufari og landslagi og eru ekki tekin frá til sérstakrar nýtingar. Sum þessara svæða geta öðrum fremur komið til álita sem byggingarsvæði við endurskoðun skipulagsins“<sup>1</sup>. Aðliggjandi svæði eru hins vegar skilgreind sem „almenn verndarsvæði“. Um þau segir: „fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægra lindasvæða. Ennfremur svæða með mikið útivistargildi, m.a. jaðarsvæði að byggð“<sup>2</sup>.

Landslag heiðanna er mótað af framrás jökla þar sem skiptast á ávalar hæðir og ásar, lægðir og stöðuvötn. Berggrunnur er víðast hulinn jökulruðningi og jarðvegur er yfirleitt þunnur nema þar sem er votlendi. Vötnin hafa myndast í dældum milli jökulruðninga og hafa lítið vatnasvið en þau eru ólík að gerð bæði vatnalega og líffræðilega. Þegar veituleið Blönduvirkjunar var gerð var eftirfarandi vötnum raskað: Gilsvatni, Austara-Friðmundarvatni, Smalatjörn og Þrístiklu. Auðkúluheiði er meðal best grónu hálendisvæða landsins en gróðurfarið fremur fábreytt og einkennist af mólendi. Víðáttumikið votlendi er á nærsvæði veituleiðarinnar, sem er mikilvægt á landsvísu vegna þess hversu óalgengt það er á miðhálandinu. Heiðarnar hafa verið nýttar til búfjárbætur. Blanda er jökulá með upptök í Hofsjökli en aurburður hefur breyst mikið í henni eftir virkjun og fellur grófasta efnid að mestu til í Blöndulóni (meðal aurburður 58 þús/t/á)<sup>3</sup>. Fjórar tegundir ferskvatnsfiska finnast á svæðinu og laxinn gengur nú greiðar upp ána sökum minnkandi aurburðar. Við könnun á svæðinu sáust 14 tegundir fugla og eru 6 þeirra taldir líklegir varpfuglar, þar af eru heiðlóa, þúfutittlingur og lóupræll algengastir<sup>4</sup>.

Tvö friðlýst svæði eru í nágrenni þess svæðis sem breytingin nær til: Blöndugil, Vallgil og Rugludalur þar sem eru hrikaleg gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri og Eyjavatn og Vestara-Friðmundarvatn sem eru grunn og gróskumikil. Blöndulón og umhverfi þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði (H20) í gildandi aðalskipulagi Húnavatnshrepps og felur það í sér að mannvirkjagerð skuli haldið í lágmarki og þess gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Fornminjar hafa verið skráðar á veituleiðinni og eru þær 26 og tengjast aðallega beit eða veiðum, s.s. sel, réttir, vegir og gangnamannaskálar.

Á veituleiðinni og aðliggjandi svæðum er stunduð útivist og ferðamennska sem einkum tengjast veiði, hestamennsku og ferðum um Kjöl.

<sup>1</sup> Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015. Greinargerð, bls. 71.

<sup>2</sup> Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015. Greinargerð, bls. 72.

<sup>3</sup> Svanur Pálsson og Guðmundur Vigfússon 1999. Framburður svifauris í Blöndu, Unnið fyrir Landsvirkjun. Orkustofnun, OS-990909 og Hákon Aðalsteinsson 2012. Aurburður (svifaur) í Blöndu fyrir og eftir Blönduvirkjun (drög). Minnisblað, október 2011.

<sup>4</sup> Arnór Þ. Sigfússon 2013. Fuglar á veituleið Blönduvirkjunar. Könnun á framkvæmdasvæði fyrirhugaðra virkjana. LV-2013-110, 10 bls.

## Þættir sem líklegir eru til að valda áhrifum

Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda, bæði á framkvæmdatíma og á rekstartíma virkjana á veituleið Blönduvirkjunar, ræðst af eftirfarandi þáttum:

- Bein áhrif framkvæmda á jarðmyndanir, gróður og dýralíf.
- Áhrif framkvæmda á landslag.
- Áhrif framkvæmda á landnotkun, svo sem verndarsvæði, veiði í vötnum og útivist.

Þeir þættir fyrirhugaðra framkvæmda sem taldir eru hafa áhrif á umhverfi og stefnu Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015, bæði á framkvæmda- og rekstartíma, eru:

- Mannvirkjagerð (stöðvarhús, stífla, skurðir, lón, efnistaka vegna veituskurða og haugsetning efnisins, vegagerð).
- Umferð vinnuvéla á framkvæmdatíma.

## Umfang umhverfismats

Eftirfarandi umhverfispættir hafa verið skilgreindir vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda við virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar og ástæða er til að meta með hliðsjón af stefnu Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015, samanber lýsingu tillögunnar

[http://www.skipulagsstofnun.is/media/skipulagsmal/lysing\\_br\\_ssk\\_midhaldendis\\_2014.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/media/skipulagsmal/lysing_br_ssk_midhaldendis_2014.pdf)

Umhverfispáttur	Skýring
<b>Gróður</b>	Auðkúluheiði er vel gróið mólendi og mikið er um votlendi. Nýir veituskurðir og efnislosun vegna þeirra (haugsetning) er líklegt til að breyta gróðurfari á svæðinu. Votlendi mun raskast við framkvæmdirnar.
<b>Fuglar</b>	Deilissvæði sem Auðkúluheiði tilheyrir hefur mikið og fjölbreytt fuglalíf. Nýir veituskurðir og stöðvarhús eru líkleg til að skerða varpland og búsvæði fugla.
<b>Vatnalíf</b>	Gera má ráð fyrir röskun á lífríki vatna á veituleið vegna efnistöku og rofs úr nýjum veituskurðum. Nýtt líf mun þróast í lóni sem gert verður vegna Friðmundarvirkjunar og gera má ráð fyrir að breyting verði á Gilsvatni þegar hætt verður að miklu leyti að veita jökulvatni í vatnið.
<b>Landslag</b>	Vestan við fyrirhugað virkjanasvæði eru ósnortin víðerni. Nýir veituskurðir, bygging stöðvarhúsa og efnislosun vegna framkvæmdanna (haugsetning) munu breyta ásýnd lands og er líklegt til að hafa áhrif á upplifun útivistarfólks og ferðamanna sem leið eiga um Auðkúluheiði.
<b>Landnotkun</b>	Mikilvægar reiðleiðir liggja um Auðkúluheiði, nærri fyrirhugðum framkvæmdum við virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar.

## Viðmið og vægiseinkunnir

Við umhverfismat vegna breytinga á svæðisskipulagi miðhálandisins var lagt mat á hvort líkleg áhrif teljast jákvæð eða neikvæð með tilliti til breytinga frá grunnástandi umhverfisins, samlegðar með öðrum framkvæmdum og samræmis við meginstefnu svæðisskipulagsins, eins og tilgreint er í töflunni hér að neðan. Einungis var lagt mat á áhrif breytinga skipulagsins út frá rekstartíma fyrirhugaðra virkjana.

+	Breyting á áætlun styður við stefnu svæðisskipulagsins og/eða hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt
0	Breyting á áætlun hefur óveruleg áhrif á stefnu svæðisskipulagsins og/eða viðkomandi umhverfispátt
-	Breyting á áætlun vinnur gegn stefnu svæðisskipulagsins og/eða hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt

## Niðurstaða umhverfismats

Umhverfis- þáttur	Áhrif	Skýring
<b>Gróður</b>	-	Vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar munu 138 ha af grónu landi raskast varanlega, þar af um það bil 90 ha innan miðhálandisins. Þetta er til viðbótar því gróðurlendi sem tapaðist varanlega þegar veituskurðir voru grafnir á sínum tíma vegna Blönduvirkjunar. Á því svæði sem svæðisskipulagsbreytingin nær til verður einkum fjalldrapamóa raskað, sem er algengt gróðurlendi á Íslandi. Engar válistategundir eru á svæðinu. Votlendi sem raskast verður vegna Þramavirkjunar og á svæði sem ekki fellur undir Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands. Við frágang á framkvæmdasvæðinu verður land grætt upp með sáningu eða náttúrulegt yfirbragð þess endurheimt ef nýtanlegt svarðlag er til staðar.
<b>Fuglar</b>	-	Á því svæði sem svæðisskipulagsbreytingin nær til munu fyrirhugaðar virkjanaf framkvæmdir skerða varanlega varpland og búsvæði fugla þar sem veituskurðir og önnur virkjanamannvirki verða, til viðbótar því sem tapaðist þegar veituskurðir voru grafnir á sínum tíma vegna Blönduvirkjunar. Á fyrirhuguðu virkjanasvæði eru engar tegundir varpugla á válista Náttúrufræðistofnunar. Varanleg skerðing búsvæða mun verða svæðisbundin og helst bitna á mófuglum sem algengt er að finna á því svæði sem svæðisskipulagsbreytingin nær til og á landsvísu.
<b>Vatnalíf</b>	0	Með tilkomu Blönduvirkjunar breyttust vötn á veituleið hennar úr tærum vötnum í vötn með jökulvatni og endurnýjunartími þeirra styttist vegna aukins gegnumstreymis, með þeim afleiðingum að framleiðsla vatnanna minnkaði. Breyting á svæðisskipulaginu gerir ráð fyrir að virkjanir muni að mestu leyti nýta núverandi veituleið og jökulvatn áfram renna um vötnin, þó leið þess milli vatnanna breytist með tilkomu nýrra veituskurða.
<b>Landslag</b>	0	Breyting á svæðisskipulaginu varðar land innan mannvirkjabeltis, sem þegar hefur verið raskað vegna framkvæmda við Blönduvirkjun á sínum tíma og jafnframt liggur Kjalvegur um Auðkúluheiði austan við það svæði sem tillaga á breytingu svæðisskipulagsins nær til. Breytingin mun ekki hafa bein áhrif á landslagsheildir sem hafa gildi fyrir ósnert víðerni eða vernd samkvæmt náttúruverndarlögum. Frágangur á framkvæmdasvæðinu (sáning eða nýting svarðlags) mun draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja.
<b>Landnotkun</b>	0	Fyrirhuguð breyting á svæðisskipulagi varðar ekki náttúruverndarsvæði <sup>5</sup> né almenn verndarsvæði <sup>6</sup> samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015. Ekki er líklegt að breytingin muni hafa áhrif á veiði í vötnum umfram það sem þegar hefur orðið með tilkomu veituskurða Blönduvirkjunar á sínum tíma. Heldur ekki á aðrar hefðbundnar nytjar og landgræðslu á Miðhálandi Íslands. Megin reið- og gönguleiðir um Auðkúluheiði eru utan við núverandi veitumannvirki og fyrirhugaðar virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Líklegt er að ný mannvirki verði sýnileg frá þeim leiðum, að minnsta kosti á köflum.

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 varðar ekki verndarsvæði samkvæmt lögum eða alþjóðlegum samningum sem Ísland er bundið af. Tillagan mun hafa óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Með tilkomu Blönduvirkjunar var jökulvatni veitt um heiðarvötn og áhrif þeirrar framkvæmdar á vatnalíf eru þekkt. Áhrif svæðisskipulagsbreytingarinnar á vatnalíf verða óveruleg því virkjanir munu að mestu leyti nýta núverandi veituleið og jökulvatn áfram renna um vötnin. Breytingin mun hafa neikvæð og varanleg áhrif á gróður og fuglalíf sem takmarkast nánast að öllu leyti við svæði sem fer undir fyrirhuguð virkjanamannvirki (veituskurði, lón og stöðvarhús) en ekki hafa áhrif utan framkvæmdasvæðisins. Áhrifin verða í heild staðbundin og ekki veruleg.

<sup>5</sup> Náttúruverndarsvæði ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálandisins.

<sup>6</sup> Almenn verndarsvæði fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða og hafa mikið útivistargildi.

## Vöktun umhverfisáhrifa

Í matsskýrslu Landsvirkjunar vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við Blönduveitu er lýst vöktun vegna Blönduvirkjunar og boðað að nýjar virkjanir verði felldar inn í þá vöktunaráætlun.


## KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing var unnin af Skipulagsstofnun sbr. 4. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og kynnt umsagnaraðilum í október-nóvember 2014. Umsagnir bárust frá Húnavatnshreppi, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Landsvirkjun og Minjastofnun Íslands og voru ekki gerðar athugasemdir við breytingartillöguna. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar á veituleiðinni og aðeins þrjár þeirra séu innan marka svæðisskipulagsins, þ.e. tvær vörður (nr. 5 og 6) og ein hleðsla (nr. 7) við norðausturhorn Þrístiklu. Minjastofnun telur að sýna þurfi staðsetningu þeirra á svæðisskipulagsuppdrættinum. Þar sem mælikvarði svæðisskipulagsuppdráttarins er 1:350.000 er að mati Skipulagsstofnunar ekki raunhæft að auðkenna umræddar fornleifar á breytingaruppdrættinum, en þær eru auðkenndar á skipulagsuppdrætti samsvarandi breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps.


Tillagan ásamt umhverfisskýrslu verður í auglýsingu í 6 vikur frá 17. nóvember til 30. desember 2014 og geta allir þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gert skriflegar athugasemdir til Skipulagsstofnunar innan framangreinds frests. Jafnframt verður tillagan send sömu umsagnaraðilum og fengu lýsingu til umsagnar. Að loknum athugasemdafresti mun stofnunin fara yfir athugasemdir og svara þeim innan 6 vikna og eftir atvikum gera breytingar á tillögunni, ef athugasemdir gefa tilefni til þess. Skipulagsstofnun afgreiðir síðan tillöguna til staðfestingar umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðherra hefur 3 mánuði til að staðfesta tillöguna.

# Breyting á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015

Á veituleið Blönduvirkjunar í Húnavatnshreppi



Staðfest Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015



Breyting á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015

## Verndarsvæði

- Almenn verndarsvæði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Merkar fornminjar
- Önnur svæði

## Orkuvinnslusvæði

- Stöðvarhús
- Miðlunarlón
- Háspennulínur
- Ganga- og skurðaleiðir

## Þjónustustaðir ferðamanna og önnur mannvirki

- Jaðarmiðstöðvar
- Skálar
- Fjallasel

## Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðalfjallvegir
- Fjallvegir
- Einkavegir og aðrar ökuleiðir
- Fyrirhugaðir aðalfjallvegir
- Flugvellir
- Megingönguleiðir
- Helstu reiðleiðir

## Grunnupplýsingar

- Mörk skipulagsbreytingar
- Mörk sveitarfélaga
- Sýslumörk
- Mörk svæðisskipulags miðháðhálandis

